

LAXĀ Í REFASVEIT 1993


Bjarni Jónsson

└ Hólm, sept. 1993

VMST/N-93008

Eintak bókasafns

VMST-N/93008 x



VEIÐIMÁLASTOFNUN  
Norðurlandsdeild

## Laxá í Refasveit 1993

### INNGANGUR

Gerð var athugun á seiðastofnum Laxár í Refasveit þann 11. júlí 1993. Markmið þessara veiða var að fá yfirlit yfir árgangastyrkleika og útbreiðslu laxaseiða, vöxt og afkomu bæði náttúrulegra seiða sem og sleppiseiða. Á grundvelli þeirra upplýsinga og niðurstaðna úr lesningu hreisturs af stangveiddum laxi, er síðan mat lagt á heildarástand laxastofna árinnar og árangur af fiskræktaraðgerðum. Að lokum eru settar fram tillögur er lúta að fiskræktaraðgerðum á næstu misserum.

### AÐFERÐIR

Ástand seiðastofna var kannað með rafveiðum. Rafveitt var á 13 stöðum á vatnasvæði Laxár, fjórum í Norðurá, fjórum í Laxá fyrir ofan ármót Laxár og Norðurár og á þremur stöðum fyrir neðan ármót. Veitt var á sömu stöðum og gert var 1990 (Tumi Tómasson 1990), utan að tveimur eldri veiðistöðum var sleppt, stöð 9a í Laxá og stöð 17 í Norðurá. Í stað þeirra var veitt á stað 9b í Laxá og 16 í Norðurá. Tveimur stöðum var síðan bætt við í Laxá fyrir ofan ármót, stöð 5bx og 6 og einni stöð í Norðurá, 14b. Stærð rafveiðisvæða var á bilinu 180m - 800m (minni á stöðum þar sem meira virtist af seiðum eða að aðstæður í ánum leyfðu ekki stærra veiðisvæði). Veidd var ein umferð á hverjum stað. Vatnavaxta gætti á meðan á rafveiðunum stóð og olli nokkrum erfiðleikum við veiði. Þetta varð til þess að ekki var hægt að veiða eins langt út í árnar eins og hefði verið unnt við minna vatnsrennslí. Þetta varð stundum þess valdandi að veiðisvæði urðu minni en ella og gæti því hafa leitt af sér minni veiði. Rafveiðistaðir voru valdir með það að augamiði að fá sem heildstæðasta mynd af seiðabúskap vatnasvæðisins. Af þeim sökum er þeirri aðferð beitt að veiða sem víðast á vatnasvæðinu og rafveiðum valin staður eins og kostur er á grýttum köflum í ánum þar sem von er meiri seiðaframleiðslu og fleiri árganga seiða.

### SLEPPINGAR LAXASEIÐA

Sumarið 1991 var sleppt 4000 smáseiðum á vatnasvæði Láxár. 2000 seiðum var sleppt á grýttan árbotn við Núpshóla. Þeim seiðum var dreift frá ofanverðum Núpshólum og niðurfyrir þá. Þeim 2000 seiðum sem eftir voru var hins vegar dreift í Norðurá frá Neðsta Bæ og niður undir ármót. Sumarið 1992 var einnig sleppt 4000 smáseiðum á vatnasvæðið. 2000 þeirra var sleppt við Núpshólana á sama kafla og sleppt var á 1991 en hinum 2000 var dreift í Norðurá, frá Þverá og upp í dal. Ekki verður sleppt seiðum á vatnasvæði Laxár á árinu 1993. Óhapp í

eldisstöð gerir það að verkum að ekki er unnt að fá laxaseiði af Laxár uppruna þetta árið.

### NIÐURSTÖÐUR RAFVEIÐA

Á veiðistað 4 fyrir ofan Núpshóla og á veiðistað 5 í ánni fyrir neðan þá fundust einungis sleppiseiði. Eins árs seiði (1+) fundust á stað 4 en hvorutveggja 1+ seiði og 2+ seiði á stað 5 þar var þéttleiki 1+ seiða jafnframt meiri en á stað 4. Engin seiði fundust hins vegar á stað 5b fyrir neðan ármót Balaskarðsár og Laxár. Því var brugðið á það ráð að veiða á aukastöð fyrir ofan ármótin til þess að fá fremur úr því skorið hvort þetta svæði í ánni væri að mestu eða öllu seiðalaust. Eitt seiði veiddist þar á 600m kafla, 5+ kynþroska seiðahængur. Á stað 6 á milli Skrapatungu og Balaskarðs veiddust 2+, 4+ og 5+ laxaseiði, eitt seiði af hverjum þessara þriggja árganga á 280m kafla. Ekki fundust 1+ seiði ofar í Laxá en á stað 7, við Skrapatungu. Þar fundust einnig 2+ náttúruleg laxaseiði en aðrir árgangar mældust þar ekki. Fyrir neðan Njálsstaði á stað 8 fannst nokkuð af 2+ náttúrulegum seiðum svo og eitt tveggja ára sleppiseiði. Ekki varð vart annarra árganga utan 5+ gönguseiða á útleið (bæði kyn). Á stað 9b fyrir neðan þjóðvegabréfundust bæði 1+ og 2+ seiði. Eini rafveiðistaðurinn á öllu vatnasvæðinu þar sem í senn fundust 1+, 2+, 3+ seiði var við Krumma, neðsta rafveiðistað í Laxá. Þar mældist jafnframt þéttleiki seiða meiri en á öðrum stöðum í vatnakerfinu. Ekki fundust eldri seiði við Krumma en þriggja ára (3+).

Veitt var á tveimur stöðum í Norðurá fyrir framan Þverá. Eitt laxaseiði, sleppiseiði frá 1992 fannst á þessum slóðum, á efri veiðistaðnum. Ekki varð vart annarra seiða, en á þetta svæði var sleppt smáseiðum sumarið 1992. Á stað 15b í Norðurá, um miðja vegu frá Neðsta Bæ og niður að ármótum fundust aðeins tveggja ára náttúruleg laxaseiði að frátoldu 4+ gönguseiði á leið til sjávar. Þéttleiki 2+ seiða á þessum stað mældist hins vegar meiri en á öðrum athugunarstöðum á vatnasvæðinu. Á rafveiðistað 16 sem er staðsettur við vað, skammt fyrir ofan Skrapatungurétt, varð einungis vart náttúrulegra 2+ laxaseiða.

### UMRÆÐA

Niðurstöður rafveiða benda til þess að stórir hlutar vatnasvæðis Laxár sé lítið nýtt til seiðauppeldis. Vegna síðbúins sumars í ár og þess hve rafveiðar voru snemma á ferðinni að þessu sinni var þess ekki að vænta að vart yrði við vorgömul laxaseiði (úr klaki frá því í fyrra haust). Það er því enn sem komið er ekki hægt að áætla um útbreiðslu þeirra. Vegna mikillar laxagengdar á vatnasvæðið síðastliðið sumar eru meiri von til þess að lax hafi gengið ofar í árnar til hrygningar en undanfarin ár. Það er þó alsendis óvist og ljóst að marga

laxaseiðaárganga vantar og mun vanta á næstu árum í efri hluta Laxár og í Norðurá alla. Slæmt tíðarfarið gæti og orðið til þess að auka á vanhöld seiða, sérstaklega vorgamalla seiða. Það er þó huggun harmi gegn að laxaseiði á öllum athugunarstöðum í ánum reyndust mjög vel á sig komin þrátt fyrir hægan vöxt.

Engin náttúruleg laxaseiði fundust í efri hluta Laxár frá Balaskarði og upp úr, utan kynþroska seiðahænga. Landnám lax á þessu svæði hefur ekki tekist sem skyldi og enn um sinn verður það vart nýtt til laxaseiðauppeldis nema með smáseiðasleppingum. Um neðri svæðin í Laxá er það að segja að óvenjulítið er af eins árs (1+) laxaseiðum eða þau ekki fyrir hendi á stöðum þar sem þau hafa oftast í fyrrí athugunum fundist í verulegum mæli (Tumi Tómasson 1988, 1989, 1990, 1991a,b). Þau eiga þó eftir að dreifa sér betur um svæðið. Óvenjumikið fannst hins vegar af tveggja ára seiðum í neðri hluta Laxár, frá Skrapatungu og niður fyrir Krumma og einnig í Norðurá frá Neðsta Bæ og niður að ármótum. Það er líklegt að eldri seiði hafi notið þess hve lítið virðist af 1+ seiðum á vatnsvæðinu í heild. Mest er sem áður (Tumi Tómasson 1987, 1988, 1989, 1990, 1991) af 1+ seiðum í neðri hluta Laxár og þá minna en oftast áður. Engin 1+ seiði fundust í Norðurá og bendir flest til þess að hún verði áfram einsetinn árgangi nú tveggja ára seiða. Sum þeirra gætu gengið út sem gönguseiði næsta vor ef tíðarfarið verður ekki með óvenjulegra móti en flest þeirra munu væntanlega ganga út sem fjögurra ára (4+) seiði 1995. Þess má vænta að sjávarganga náttúrulegra laxaseiða verði með minna móti næsta vor. Lítið er um 3+ seiði í ánum nú og lítill hluti 2+ seiða mun ná göngustærð fyrir næsta vor vegna slæms tíðarfars í sumar. Reyndar er óvenjulegt að laxaseiði úr Laxá í Refasveit gangi til sjávar yngri en fjögurra ára en slíkt gæti orðið mögulegt næsta ár ef eðlilegt árferði hefði ríkt í sumar. Gönguseiði úr smáseiðasleppingum munu væntanlega hjálpa nokkuð upp á næsta vor en obbinn af þeim sleppiseiðum sem nú eru í ánni mun líklegast ganga út vorið 1995.

Það hve mikið virðist af tveggja ára seiðum í ánum og hvé góðum holdum þau eru í skýrist líkast til að hluta af seiðafæð innan annarra árganga. Vegna þess hve lítið er af yngri seiðum hafa eldri seiði betri skilyrði til vaxtar og auknar lífslíkur samfara minni samkeppni frá yngri seiðum. Í köldu sumri, eins og nú er að líða, virðist einnig sem stærri seiðum gangi betur en minni seiðum að afla sér fæðu. Þrátt fyrir að stærð seiða væri ekki yfir meðallagi, var holdafar þeirra þó með ágætum en það kann ekki síður að mega rekja til þess að kaldur júní mánuður hafi hægt á orkubrennslu þeirra en að fæðunám hafi verið með slíkum ágætum. Eftir því sem vatnshiti er hærri verður orkubrennsla seiða meiri en að sama skapi gengur þeim betur (upp að vissu marki) að afla sér fæðu sé hún fyrir

hendi. Frá því að fluga flýgur úr ánum og nýjar lirfur koma í þeirra stað er fæða takmörkuð í ánum og vatnskuldi á sama tíma kann að auðvelda seiðum orkubúskap sinn. Slíkt tíðarfari kemur þó niður á þeim síðar vegna minni frumframleiðslu í ánum.

Vænta má mjög stórrar göngu náttúrulegra laxaseiða sem og sleppiseiða til sjávar vorið 1995 en næstu ár þar á eftir gætu orðið rýr. Eins árs seiði nú munu væntanlega dreifast í hæfilegu magni frá Balaskarði og niður fyrir Skrapatungu og einnig ganga seiðin í neðri hluta Norðurár en munu varla ná nema áleiðis að Neðsta Bæ. Kjörvæði fyrir laxaseiði á stórum hluta vatnasvæðisins munu því ekki nýtast til seiðaframleiðslu nema að til komi seiðasleppingar á þau svæði. Að ári mætti sleppa smáseiðum í Laxá frá ofanverðum Núpshólum og niður fyrir þá og eins á alla grýtta kafla í ánni allt niður undir Skrapatungu. Á milli Mánaskarðs og Balaskarðs er áin sendin og lítt fallin til uppeldis stærri seiða á stórum kafla og réttast að sleppa ekki þar sem og annars staðar í ánni þar sem svipað háttar til. Eins mætti sleppa seiðum í Norðurá frá Þverá og niður að ármótum. Vegna þess hve stór og vænleg svæði eru nú laus til seiðasleppinga er rétt að sleppa ekki seiðum í Norðurá fyrir ofan ármót við Þverá að ári nema þeim mun fleiri seiðum yrði sleppt. Þó að það svæði ætti að henta þokkalega til seiðasleppinga er það síðra en hin svæðin sem til álita koma. Verði tekin ákvörðun um að sleppa smáseiðum næsta sumar, þá væri æskileg slepping í Núpshólanum um 2000-3000 seiði, eða um 3 seiði á hvern lengdarmetra. Sleppa mætti um 1000 seiðum á milli Skrapatungu og Balaskarðs. Í Norðurá kemur til álita að sleppa um 2000 seiðum á grýtta kaflann frá Neðsta Bæ og niður að vaði. Ef ákvörðun verður tekin um stærri sleppingu en 5000-6000 seiði næsta sumar, mætti sleppa í þéttleikanum einu seiði á hvern lengdarmetra upp Norðurá frá ármótum við Þverá allt að 2500 seiðum. Það væri líka hægt að hugsa sér að sleppa einhverjum hundruðum seiða á valda grýtta kafla á milli Núpshóllanna og Balaskarðs en áin er samt víðast sendin á þeim kafla og lítt fallinn til seiðasleppinga. Miklu máli skiptir að seiðum sé dreift vel við sleppingu.

Óvenju mikið var skilað inn af hreistursýnum frá sumrinu 1992, 47 sýnum. Það er vel því þær upplýsingar sem þannig fást eru ómetanlegar. Liðlega helmingur laxa af náttúrulegum uppruna hafa dvalið fjögur ár í ánni en rúmlega þriðjungur í þrjú ár. Um 23% af afla sumarið 1992 hafa verið af sleppiuppruna, sem skiptist þannig að 10,4% voru úr smáseiðasleppingum en 12,5% úr gönguseiða-/hafbeitarsleppingu. Allir laxar af sleppiuppruna sem sýni bárust af hafa einungis dvalið eitt ár í sjó. Laxar úr smáseiðasleppingum eru langflestir laxar úr sleppingu sumarið 1989 sem hafa náð sjóþroska eftir tvö ár í ánni. Það er athyglivert að svo margir laxar úr gönguseiðasleppingum skuli veiðast í Laxá

því þar hefur ekki lengi verið sleppt gönguseiðum. Það er hugsanlegt að þeim hafi verið sleppt í Húnverskar ár sem gönguseiði eða vera lengra að komin jafnvel flækingar úr hafbeitarstöð. Mikilvægt er að fá vitneskju um uppruna þessara fiska. Því þarf að brýna fyrir veiðimönum að veiðiuggaklipptur fiskur er örmerktur og veitir verðmætar upplýsingar sem þarf að halda til haga. Það er ekki heillavænlegt fyrir stofn árinnar að svo mikið skuli villast í hana af hafbeitarfiski af öðrum stofnum og er vonandi að sem mest af því sé upprunið í glandinni.

#### HEIMILIR.

Tumi Tómasson, 1988. Laxá í Refasveit 1987. Skýrsla Veiðimálastofnun, VMST/N-88009X

Tumi Tómasson, 1989. Laxá í Refasveit 1988. Skýrsla Veiðimálastofnun, VMST/N-89014X


Tumi Tómasson, 1990. Laxá í Refasveit 1989. Skýrsla Veiðimálastofnun, VMST/N-89021X

Tumi Tómasson, 1991a. Laxá í Refasveit 1990. Skýrsla Veiðimálastofnun, VMST/N-91002X


Tumi Tómasson, 1991b. Laxá í Refasveit 1991. Skýrsla Veiðimálastofnun, VMST/N-91010X

Tafla 1. Fjöldi veiddra laxaseiða í rafveiðum á 100m<sup>2</sup> í Laxá í Refasveit þann 11. júlí 1993.


Stöð nr	stærð m	Fjöldi veiddra laxaseiða á hverja 100m <sup>2</sup>						
		1+	1+ss	2+	2+ss	3+	4+	5+
4	50x4	---	2.0	---	---	---	---	---
5	45x5	---	7.6	---	1.3	---	---	---
5b	80x10	---	---	---	---	---	---	---
5bx	40x10+10x20	---	---	---	---	---	---	0.2
6	35x8	---	---	0.4	---	---	0.4	0.4
7	50x15	0.1	---	0.4	---	---	---	---
8	45x15	---	---	1.2	0.2	---	---	0.3
9b	50x7	1.1	---	2.0	---	---	---	---
12	25x12	8.0	---	6.0	---	0.7	---	---
14	35x6	---	0.5	---	---	---	---	---
14b	25x8	---	---	---	---	---	---	---
15b	30x6	---	---	7.2	---	---	0.6	---
16	55x10	---	---	1.3	---	---	---	---



Mynd 1. Yfirlitskort af Vatnasvæði Laxár í Refasveit. Rafveiðistaðir eru merktir með hring.



Mynd 2. Lengdardreifing og aldursgreinig laxaseiða úr rafveiði 11.07.93.



Mynd 2. Framh.

Tafla 2. Hreistursýni 1992.

Númer	Veiðidagur	Kyn	Lengd cm	Þyngd kg	Ár í ferskvatni	Ár í sjó
1	19.júl	1	62	2,5	4	1
2	19.júl	0	82	6	4	2
3	19.júl	0	73	4	3	2
4	28.júl	1	57	2	4	1
5	01.ágú	1	68	3	4	1
6	01.ágú	1	61	2	3	1
7	02.ágú	1	63	2	3	1
8	02.ágú	1	78	4,5	3	2
9	03.ágú		65	3	3	1
10	03.ágú		60	2,5	3	1
11	08.ágú	1	86	6,5	4	2
12	09.ágú	1	64	3	4	1
13	09.ágú	1	92	8	3	2
14	17.ágú	1	67	3	gs	1
15	28.ágú	0		3,5	4	1
16	28.ágú	0		105	4	1
17	28.ágú	0		1,5	4	1
18	28.ágú	1		1,5	2ss	1
19	28.ágú	0		2,5	2ss	1
20	28.ágú	1		2,25	gs	1
21	28.ágú	0		4,25	3	2
22	28.ágú	0		4	2	2
23	29.ágú	1	65	2,25	4	1
24	29.ágú	0		1	4	1
25	29.ágú	1	68	2,75	3	1
26	29.ágú	1	60	2	3	1
27	29.ágú	1		2,5	3	1
28	06.sep	1	52	2	5	1
29	06.sep	0	66	3,5	4	1
30	06.sep	1	66	3,5	gs	1
31	07.sep	0	55	2	4	1
32	07.sep	1	68	3,5	3	1
33	08.sep	0	62	2,5	4	1
34	08.sep	1	57	2	4	1
35	08.sep	1	66	3	4	1
36	08.sep	0	55	2,5	2ss	1
37	08.sep	1	55	2	3	1
38	08.sep	1	56	2,5	gs	1
39	08.sep	0	60	2,5	gs	1
40	08.sep	1	95	7,5	4	2
41	08.sep	0	80	5,25	3	2
42	09.sep	0	65	2,5	gs	1
43	09.sep	1	73	4	4	1
43	17.sep		57	2,5	4	1
44	17.sep		62	3	4	1
45		1	68	3	2ss	1
46		1	72	4	5	2
47		1		3,75	3ss	1

Tafla 2. Stangveiði 1992. Lax af náttúrulegum uppruna. Niðurstöður frá hreistursýnur

Arí ánni	Arí sjó					Fjöldi	Prósent	
	1	Hæ	Hr	?	Hæ	Hr		
1								
2						1	1	2,7
3	7		2		2	3	14	37,8
4	8	7	2		2	1	20	54,1
5	1				1		2	5,4
6								
Fjöldi	16	7	4		5	5	37	100,0
Prósent	43,2	18,9			13,5	13,5	100,0	
Prósent	73,0				27,0		100,0	

Tafla 3. Stangveiði 1992. Lax með uppruna úr sleppingu. Niðurstöður frá hreistursýnui

Arí ánni	Arí sjó					Fjöldi	Prósent	
	1	Hæ	Hr	2	Hæ	Hr		
1 (gs)	4	2					6	54,5
2	2	2					4	36,4
3	1						1	9,1
4								
5								
6								
Fjöldi alls	7	4					11	100,0
Prósent	63,6	36,4					100,0	
Prósent	100,0						100,0	